
Minnisblað

Dagsetning: 26. október 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingar á reglugerð um einangrun, sóttkví og smitgát vegna COVID-19.

Langst af í COVID-19 faraldrinum hafa ákvæði um einangrun þeirra sem greinast COVID-19 verið á þann veg að einangrunin skuli vara í 14 daga frá greiningu og að sjúklingurinn skuli hafa verið einkennalaus í a.m.k. 7 daga áður en einangrun er aflétt. Heimilt hefur þó verið að stytta einangrunina í 10 daga hjá almennt hraustum einstaklingum sem eru einkennalausir í 72 klst.

Sömuleiðis hafa kvaðir um sóttkví verið á þann veg að útsettur einstaklingur skuli dvelja í sóttkví í 14 daga sem stytta má í 7 daga með neikvæðu PCR prófi á 7. degi. Ef útsetning einstaklings er hins vegar metin minniháttar, er honum heimilt að viðhafa smitgát sem felur í sér að hann getur mætt í vinnu eða skóla en skylt að mæta í hraðpróf á fyrsta og fjórða degi smitgátar. Sé niðurstaða prófanna neikvæð er smitgát hætt.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel til að hefta útbreiðslu COVID-19 en um 10% allra þeirra sem settir eru í sóttkví greinast með veiruna. Hins vegar er hlutfall barna yngri en 12 ára í sóttkví sem greinast með veiruna hærra eða um 15-20%. Hlutfall þeirra sem eru í smitgát er á hinn bóginn um 1%.

Þar sem að sóttkví og einangrun er verulega íþyngjandi bæði fyrir einstaklinga og atvinnulífið þá hafa þessar ráðstafanir verið endurskoðaðar í samráði við innlenda aðila. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar bendir til að stytta megi bæði einangrun smitaðra og sóttkví útsettra án þess að auka hættuna á útbreiðslu kórónaveirunnar.

Ég legg því til eftirfarandi breytingar á reglugerð um sóttkví, einangrun og sóttvarnaráðstöfunum á landamærum Íslands vegna COVID-19 nr. 1100/2021. Þess ber að geta að neðangreindar tillögur eru í samræmi leiðbeiningar sem gilda í mörgum nágrannalöndum okkar.

1. Meðhöndlun útsettra fyrir COVID-19.

Enginn greinarmunur verði gerður á börnum og fullorðnum hvað varðar meðhöndlun útsettra sem og bólusettra og óbólusettra.

Ákvörðun um sóttkví og smitgát verði áfram tekin af smitrakningateymi.

- i. Sóttkví: þeim sem eru mikið útsettir skv. mati smitrakningateymis verði gert að fara í 14 daga sóttkví sem stytta má í 5 daga með neikvæðu PCR prófi á 5. degi.
- ii. Smitgát: þeim sem ekki eru mikið útsettir skv. mati smitrakningateymis verði gert að fara í hraðpróf (eða PCR próf) á fyrsta og fjórða degi smitgátar. Þeim verði jafnframt gert að fara varlega í umgengni við aðra og forðast umgengni við viðkvæma einstaklinga sem veikst geta alvarlega af COVID-19.

Ef upp koma fleiri smit í sama hópi sem sætir smitgát þá geti smittrakningateymið sett allan hópinn í sóttkví.

- iii. Heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili. Smitrakning verði gerð með samstarfi smittrakningagteymis og stofnunar. Stofnanir setji sér eigin reglur um vinnutilhögun í sóttkví en sóttkví í samfélaginu fari eftir almennum viðmiðum.

- iv. Sóttkví á heimili þar sem einstaklingur er í einangrun. Til að uppfylla skilyrði um styttingu sóttkvíar í 5 daga þurfi að vera fullur aðskilnaður milli einstaklings í einangrun og þess sem er í sóttkví. Ef ekki er hægt að viðhafa fullan aðskilnað þá lýkur sóttkví fyrst degi eftir að einangrun lýkur með neikvæðu PCR prófi.

2. Meðhöndlun smitaðra-einangrun

i. Börn yngri en 12 ára

- i. Barn er einkennalaust. Einangrun vari í 7 daga. Forðast skuli samneyti við viðkvæma einstaklinga í tvær vikur eftir að einangrun lýkur.

- ii. Barn með einkenni. Einangrun vari í grunninn 14 daga en hana megi stytta í 10 daga ef barnið er hitalaust síðustu 48 klst. og önnur einkenni eru batnandi. Forðast skuli samneyti við viðkvæma einstaklinga í tvær vikur eftir að einangrun lýkur.

ii. Bólusettir einstaklingar eldri en 12 ára.

- i. Einstaklingur einkennalaus. Einangrun vari í 7 daga. Forðast skuli samneyti við viðkvæma einstaklinga í tvær vikur eftir að einangrun lýkur.

- ii. Einstaklingur með einkenni. Einangrun vari í grunninn 14 daga en hana megi stytta í 10 daga ef viðkomandi er hitalaus síðustu 48 klst. og önnur einkenni eru batnandi. Forðast skuli samneyti við viðkvæma einstaklinga í tvær vikur eftir að einangrun lýkur.

iii. Óbólusettir einstaklingar eldri en 12 ára.

- i. Einstaklingur með eða án einkenna. Einangrun vari í grunninn 14 daga en hana megi stytta í 10 daga ef viðkomandi er hitalaus síðustu 48 klst. og önnur einkenni eru batnandi. Forðast skuli samneyti við viðkvæma einstaklinga í tvær vikur eftir að einangrun lýkur.